

STJÓRNARTÍÐINDI B 29 – 1995

30. mars 1995

389

Nr. 196

GJALDSKRÁ Rafmagnsveitna ríkisins.

I. SMÁSALA. *Gjaldskrárliðir.*

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku í smásölu á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A.1 Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

Orkugjald	6,32 kr/kWh
Fastagjald F.1	3.710,00 kr/ári

A.2 Vinnuljósanotkun.

Öll skammtímanotkun og notkun til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mann-virkjagerð.

Orkugjald	6,32 kr/kWh
Fastagjald 3xF.1	11.130,00 kr/ári

A.3 Utanhúslýsing.

Öll sérmæld utanhússlýsing.

Orkugjald.....	7,29 kr/kWh
Fastagjald F.1.....	3.710,00 kr/ári

A.4 Blönduð notkun.

Öll notkun í sumarþústöðum og sumarþúðum með rafhitun. Heimilt er að selja raforku til þessara nota samkvæmt lið A.1 ef hagkvæmara þykir.

Orkugjald	4,51 kr/kWh
Fastagjald 4xF.1	14.840,00 kr/ári

A.5 Markmæling.

Allur almennur búrekstur með rafhitun. Heimilt er að selja raforku til búreksturs samkv. öðrum liðum ef hagkvæmara þykir. Lágmarksafli 4 kW, hámarksafli 50 kW.

Orkugjald af allri notkun	2,68 kr/kWh
Aflgjald (lágmark 4 kW)	6.410,00 kr/kWh/ári
Fastagjald 3xF.1	11.130,00 kr/ári
Orkugjald af notkun umfram aflstillingu.	6,32 kr/kWh

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.

A.6 Skiparafmagn.

Raforkusala með rofheimild, vegna landtenginga skipa	
Orkugjald	4,45 kr/kWh
Fast gjald	33.700,00 kr/ári

B.1 Aflmæling.

Öll meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun. Lágmarksafl 15 kW.	
Orkugjald sumar (1. maí til 30. sept).....	1,99 kr/kWh
Orkugjald vetur (1. okt til 30. apríl).....	3,13 kr/kWh
Aflgjald sumar (1. apríl til 31. okt)	601,50 kr/kWh/mán
Aflgjald vetur (1. nóv til 31. mars).	1.203,00 kr/kWh/mán
Fast gjald	33.700,00 kr/ári

B.2 Súgþurrkun.

Til súgþurrkunar á tímabilinu 1. júní til 31. október.	
Orkugjald	1,80 kr/kWh
Aflgjald.	3.020,00 kr/kWh/ári

C.1/D.1 Rofin daghitun.

Rafhitun með roftíma allt að 2x1,5 klukkustund á dag.	
Orkugjald	3,62 kr/kWh
Fastagjald F.3.	14.000,00 kr/ári

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.

C.2/D.2 Næturhitun.

Rafhitun með roftíma allt að 15 klukkustundum á dag, á tímabilinu frá kl. 7.00 til 23.00.

Orkugjald	2,46 kr/kWh
-----------------	-------------

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.

D.3 Órofin hitun.

Fyrir órofna rafhitun, varmadæluur o.fl. Hámark uppsetts afls er 200 kW.	
Orkugjald 1. maí til og með 30. sept.	3,62 kr/kWh
Orkugjald 1. okt. til og með 30. apríl.	5,05 kr/kWh
Fastagjald F.3	14.000,00 kr/ári

H1/H2 Hitaveita R/O.

Orkugjald	2,57 kr/kWh
Sérstakur afsláttur til íbúðarhúsa	0,13 kr/kWh
Vatnsgjald	33,80 kr/m ³
Fast gjald	12.200,00 kr/ári
Sjá kafla um niðurgreiðslur.	

H.3/H.31/H.4 Hitaveita Siglufirði.**H.3 Hitun um rennslismæli**

Vatnsgjald.	123,00 kr/m ³
Fast gjald.	1.970,00
kr/ári	

H.4 Hitun húsnæðis um rennslismæli

Vatnsgjald.	82,22 kr/m ³
Fast gjald.	12.200,00 kr/ári

S.1 Sumartaxti

Fyrir meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun á tímabilinu 1. apríl til 31. október, samkvæmt sérsamningi. Lágmarksafli 75 kW á mánuði.

Orkugjald.	1,99 kr/kWh
Aflgjald.	377,00 kr/kWh/mán

Engin orkuafhending er heimil frá 1. nóvember til 31. mars.

Mælaleiga.

Notendum er gefinn kostur á að leigja mælitæki til innra uppgjörs og skal leiga fyrir mælitækin vera sem hér segir:

Einfasa mæla.	710,00 kr/ári
Þrífasa mæla.	2.790,00 kr/ári

Gjald fyrir önnur mælitæki en að framan greinir, tekur mið af ofangreindum verðum, þó aldrei lægra en sem nemur 15% af verðmæti þeirra, samkvæmt nánari ákvörðun RARIK hverju sinni.

Innheimta og lokun.**Innheimtugjald:**

Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu: 910,00 kr

Opnunargjald:

Gjald fyrir aðgerðir vegna lokunar

og/eða opunar veitu vegna vanskila er: 3.640,00 kr

Gjald vegna varatengingar.

Eftirfarandi reglur skulu gilda um kostnað við varatengingu þar sem önnur orkuöflun er fyrir hendi. Gjaldtaka miðast við 20 kW aflúttækt.

- 1.1. Í hverju tilviki fyrir sig, skal gera skriflegan samning um tenginguna og frágang hennar. Þann kostnað sem af henni hlýst, greiðir notandinn að fullu.
- 1.2. Hafi viðkomandi ekki verið tengdur við dreifikerfi Rafmagnsveitnanna þegar varatengingar er óskað, greiðir hann allan kostnað við tenginguna, þ.e. af línulögn, spennu, strengjum o.s.frv.
- 1.3. Notandi greiðir fyrir varatenginguna, óháð orkunotkun, fast gjald á ári, sem samsvarar aflgjaldi á marktaxta fyrir 4 kW að viðbættu föstu gjaldi marktaxtans. Fyrir hverja kWh sem notuð er, skal notandinn greiða samkvæmt almenna taxtanum A1.

Niðurgreiðslur og afsláttur.

Iðnaðarráðuneytið ákveður upphæð niðurgreiðslna vegna hitunar íbúðarhúsnæðis með raforku og rafkyntum hitaveitum og setur nánari reglur þar um. Niðurgreiðslna njóta þau heimili sem búa við slíka hitun og eiga ekki kost á heitu vatni til upphitunar frá jarðhitaveitu sem starfrækt er á viðkomandi stað.

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku til húshitunar á lægra verði en til almennrar notkunar og veita ennfremur fyrst um sinn, sérstakan afslátt til þeirra sem nota raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis.

Um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt gilda eftirfarandi reglur:

Hver kílóvattstund (kWh) er niðurgreidd um fasta upphæð, upp að ákveðinni hámarksnotkun. Til grundvallar þessu er lögð orkunotkun að hámarki 30.000 kWh/ári samkvæmt lið C.1 og H.1 og hámark 42.000 kWh/ári samkvæmt lið A.5, en er skipt hlutfallslega niður á reikningstímabilið.

Þetta skal framkvæmt á eftirfarandi hátt:

Liður C.1 Rofin daghitun:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 82 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu (notkunartímabil=tímabilið milli álestra). Niðurgreiðsla nemur 1,38 kr/kWh, afsláttur LV nemur 0,39 kr/kWh og sérstakur afsláttur RARIK að auki, 0,03 kr/kWh.

Liður A.5 Markmæling:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 115 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 0,80 kr/kWh, afsláttur LV nemur 0,277 kr/kWh og sérstakur afsláttur RARIK að auki, 0,02 kr/kWh.

Liður H.1 Hitaveita:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 82 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 1,29 kr/kWh. Sérstakur afsláttur Rafmagnsveitnanna er 0,03 kr/kWh. (Að auki veitir RARIK 0,13 kr/kWh afslátt vegna hitunar íbúðarhúsa, óháð orkunotkun.)

Liður C.2 Næturhitun:

Ekki er sett hámark við niðurgreiðslur samkvæmt lið C.2 næturhitun. Niðurgreiðsla nemur 0,79 kr/kWh, afsláttur LV nemur 0,39 kr/kWh og sérstakur afsláttur RARIK að auki, 0,02 kr/kWh.

Þessar tölur eru allar án vsk.
Gildir frá 1. mars 1994.

SKILGREININGAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI.

1. Utanhússlýsing.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað. Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast Rafmagnsveitur ríkisins á sinn kostnað.

2. Markmæling.

Liður A.5 er fyrir heildarorkusölu til bændabýla með rafhitun samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir sérmældir gjaldskrárlíðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súgurrkun eða húshitun.

3. Aflgjaldsmæling.

Liður B.1 er fyrir heildarmælingu á allri notkun og verða ekki aðrir liðir, svo sem A.1, veittir samhliða. Heimilt er þó að mæla rafhitun sérstaklega. Aflgjald er ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Gjaldskýlt afl hvers almanaks-mánaðar er hæsta gildi afls viðkomandi reikningstímabils milli reglulegra álestra. Álestur er mánaðarlega, að jafnaði sem næst mánaðamótum. Vetrargjald afls er á tímabilinu 1. nóvember til 31. mars. Á öðrum tíma gildir sumarverð afls. Vetrarverð orku gildir á tímabilinu 1. október til 30. apríl. Á öðrum tíma gildir sumarverð orku.

Lágmarksaflgjald er miðað við 15 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt lið B.1, enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

4. Sumartaxti.

Heimilt er að selja raforku til meiriháttar véla og iðnaðarnota á sérstökum sumartaxta. Gera þarf sérstakan samning þar um í hverju tilviki. Sumartaxti gildir aðeins á tímabilinu 1. apríl til 31. október, og er engin notkun leyfð á sama rafbúnaði eftir öðrum gjaldskrárlíðum utan þess tímabils. Aflgjald er samkvæmt mælingu við 15 mín. meðalgildi afls. Álestur fer fram að jafnaði sem næst mánaðamótum. (Taxti þessi fellur niður á árinu 1995).

5. Véla- og tækjanotkun.

Ef úttekið launafl hjá notanda nemur meiru en 50% af mesta útteknu raunaflí áári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall. Rafmagnsveiturnar geta krafði notanda um sérstakt gjald fyrir launafl sé framangreint hlutfall yfir 50% (fasviksstuðull undir 0,9), þar til úr hefur verið bætt. Gjald fyrir launafl umfram framangreint hlutfall nemur hálfu aflgjaldi skv. lið B.1 í gjaldskrá.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o.fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls eða notkun einstakra aflfrekra raftækja, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dísilstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafli er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

Heimilt er að takmarka veitingu gjaldskrárliða við aflmælingu, ef orkunotkun fer yfir 200.000 kWh/ári á töxtum A.1 til A.4.

7. Rafmagn til skipa.

Raforkusala til hafna vegna endursölu til skipa. Taxti þessi er eingöngu ætlaður til landtenginga skipa og annarra nota sem tengist skipunum beint. Hér um um að ræða orku sem ekki nýtur fulls forgangs, en telst þó ekki ótryggð eða víkjandi orka eins og hún hefur verið skilgreind. Rafmagn til þessarra nota verður rofið þegar skortur er, þ.e. þegar og ef grípa þarf til skömmtunar. Þetta þýðir að raforka sem kynni að þurfa að framleiða með dísilvél í landi, fæst ekki til skipanna, enda eru þau búin varaafli.

II. HEILDSALA TIL ALMENNINGSVEITNA.

1. Skilgreining.

Gjaldskrá þessi gildir um sölu til eftirtalinna aðila:

Rafveitu Sauðárkróks, Rafveitu Húsavíkur, Rafveitu Reyðarfjarðar, Rafveitu Hveragerðis, Selfossveitna, Hitaveitu Eyra og Bæjarveitna Vestmannaeyja.

2. Rafmagnsgjald.

Aflgjald	10.180,00	kr/kW/ári
Vetrargjald orku	2,248	kr/kWh
Sumargjald orku	1,124	kr/kWh
Tengigjald	344.730,00	kr/ári

3. Söluskilmálar.

3.1 Afslala.

Við útreikning á sölutoppi til uppgjörðs á ári hverju skal fyrst fundinn hæsti álagstoppur hvers almanaksmánaðar, mældur sem 60 mínútna sammælt meðalág á afhendingarstað (stöðum). Fjórir hæstu fyrrgreindra tólf álagstoppa koma til uppgjörðs. Sölutoppur ársins telst útreiknað meðaltal þessara fjögurra toppa. Þessi grein gjaldskrár gildir ekki ef heimild til sérsamnings, sbr. 4. grein, er nýtt.

3.2 Tímabil orkugjalda.

Vetrargjald gildir tímabilin:	1. janúar til 30. apríl
	1. október til 31. desember
Sumargjald gildir tímabilið:	1. maí til 30. september

4. Sérsamningur um aflsölu.

Rafmagnsveitunum og hverri einstakri veitu fyrir sig er heimilt að gera með sér sérstakan samrekstrarsamning. Í samningi þessum komi fram á hvern hátt sölutoppur skuli ákveðinn ásamt öðrum þeim atriðum sem aðilar koma sér saman um og varða samrekstur. Ákvæði samnings þessa mega þó í engu breyta þeim ákvæðum sem fram koma í gjaldskrá þessari að undanskildri grein 3.1.

5. Mánaðargreiðslur.

5.1 Afslala og tengigjald.

Í upphafi árs áætla Rafmagnsveiturnar, í samráði við kaupanda, sölutopp komandi árs. Áætluð árgreiðsla fyrir afl og tengigjald skal síðan reiknuð út frá gildandi gjaldskrá. Mánaðargreiðsla telst 1/12 hluti árgreiðslunnar nema desembergreiðslan sem er útreiknuð lokagreiðsla ársins. Mánaðargreiðslurnar teljast innborganir.

Við gjaldskrárbreytingar skulu þær mánaðargreiðslur sem ekki eru fallnar í gjalddaga taka sömu hlutfallslegu breytingum og gjaldskráin. Við lokauppgjör í árslok skal reikna með einingarverðum í réttu hlutfalli við dagafjölda verðtímabila. Frá þannig reiknaðri árgreiðslu dragast gjaldfallnar innborganir og mismunurinn telst mánaðargreiðsla desember.

5.2 Orkusala.

Mánaðargreiðsla fyrir orku miðast við melda orkunotkun í mánuðinum og gildandi einingarverð. Séu fleiri en eitt einingarverð í gildi innan mánaðarins skal reikna í réttu hlutfalli við dagafjölda.

6. Greiðsluskilmálar.

Mánaðargreiðslur fyrir janúar falla í gjalddaga síðasta dag febrúar og þannig koll af kolli fyrir aðra mánuði. Ef ekki er greitt á gjalddaga, reiknast fullir vanskilavextir frá honum eins og Seðlabanki Íslands ákveður þá hverju sinni.

GJALDSKRÁ FYRIR ÓTRYGGÐA ORKU.

1. Almenn.

Um viðskipti þessi gilda Almennir skilmálar Landsvirkjunar um sölu ótryggðs rafmagns frá 1. janúar 1991 og Almennir skilmálar Rafmagnsveitna ríkisins um sölu ótryggðrar orku frá 1. janúar 1991.

2. Rafmagnsgjald.

	Án vsk.	
Fast gjald	127.610,00	kr/ári
1. verðþrep	1,104	kr/kWh
2. verðþrep	1,433	kr/kWh
3. verðþrep	2,065	kr/kWh

3. Samningur.

Skilyrði fyrir viðskiptum samkvæmt gjaldskrá þessari er að gerður sé sérstakur skriflegur samningur milli Rafmagnsveitna ríkisins og kaupanda um viðskiptin og hann staðfestur með áritun Landsvirkjunar. Með slíkum samningi er heimilt að veita nánar úmsaminn afslátt, ef um endursölu er að ræða.

ALMENNIR SKILMÁLAR RAFMAGNSVEITNA RÍKISINS UM SÖLU VÍKJANDI ORKU.

1. Almenn skilyrði.

Víkjandi orka er rjúfanleg forgangsrorka. Hana má selja í stað annarra orkugjafa eða þegar um er að ræða framleiðslu eða starfsemi sem lagst getur niður tímabundið meðan rofið er. Víkjandi orka er ætluð:

- Þeim sem kost eiga á ótryggðri orku en treysta sér ekki til að undirgangast þau skilyrði um langtímarof sem henni fylgja.
- Þeim sem kost eiga á kaupum samkvæmt smásölugjaldskrá, sbr. þær takmarkanir sem þar koma fram, til nota hvar rof á hæstu álagstímum getur talist eðlilegur viðskiptamáti; hér er einkum átt við ýmis konar hitun og lýsingu í gróðurhúsum.

Sala á víkjandi orku er háð samþykki Rafmagnsveitna ríkisins í hverju tilviki. Uppsett afl þess búnaðar, sem nýtir víkjandi orku, skal að lágmarki vera 100 kW eða áætluð ársnotkun að lágmarki 500 MWh.

2. Afhending víkjandi orku.

Stýritími er sá tími þegar stýring aflkaupatopps frá Landsvirkjun er virk. Framkvæmd er í höndum stjórnstöðvar Rafmagnsveitna ríkisins sem kemur boðum um stýritímamann til viðskiptavina.

Rafmagnsveitum ríkisins er heimilt að skerða afhendingu:

- Á stýritíma Rafmagnsveitna ríkisins.
 - Vegna afltakmarkana, truflana eða bilana í veitukerfi Rafmagnsveitna ríkisins til að koma í veg fyrir yfirálag.
- Enginn fyrirvari er á rofi vegna tilviks a) en eigi skemmri en ein klukkustund vegna

b) ef mögulegt er. Heimilt er Rafmagnsveitum ríkisins að leyfa afhendingu orku á stýritíma gegn gjaldi sem nemi 110% af refsigjaldi (umframaflgjaldi) Landsvirkjunar eða 110% af áætluðum framleiðslukostnaði með dísilvélum vegna álagsstýringar á hverjum tíma.

3. Mæling og rofabúnaður.

3.1 Mælabúnaður.

Kaupandi víkjandi orku skuldbindur sig til að setja upp mælabúnað sem við á og þær samþykkja til mælingar á orku. Öll víkjandi orka hjá hverjum kaupanda skal mæld á einum stað og á einum mæli. Rafmagnsveitum ríkisins er heimilt að ákveða að búnaður, hjá öllum notendum, skuli þannig gerður, að hægt sé á sjálfvirkan hátt um símakerfið eða á annan sambærilegan hátt að lesa mælingar á 60 mínútna meðalálagi.

3.2 Rofabúnaður.

Kaupandi víkjandi orku skuldbindur sig til að setja upp, Rafmagnsveitum ríkisins að kostnaðarlausu, rofabúnað sem þær samþykkja til rofs á afhendingu orkunnar. Öll víkjandi orka hjá hverjum kaupanda skal vera rjúfanleg á einum rofa.

3.3 Fjarstýring rofabúnaðar.

Kaupandi víkjandi orku skuldbindur sig til að setja upp, Rafmagnsveitum ríkisins að kostnaðarlausu, búnað sem tengist fjarstýrikerfi þeirra og getur:

- a) Rofið afhendingu.
- b) Gefið til kynna hvort rof heppnast eða ekki.
- c) Gefið til kynna stöðu rofa á hverjum tíma.

Fjarstýring Rafmagnsveitna ríkisins skal virka á einn rofa, sbr. grein 3.2, en kaupandi skal setja upp búnað til innsetningar í áföngum ef þurfa þykir. Sé heimildin til afhendingar orku á stýritíma nýtt, sbr. 2. grein, skuldbindur kaupandi sig til að setja upp, Rafmagnsveitum ríkisins að kostnaðarlausu, þann viðbótarbúnað sem til þarf.

4. Gildistími.

Skilmálar þessir gilda frá og með 1. janúar 1993 og gilda þar til annað verður ákveðið.

GJALDSKRÁ FYRIR VÍKJANDI ORKU.

1. Almenn.

Um viðskipti þessi gilda Almennir skilmálar Rafmagnsveitna ríkisins um sölu víkjandi orku frá 1. janúar 1993.

2. Rafmagnsgjald.

Fast gjald	127.610,00 kr/ári
Vetrargjald orku	2,889 kr/kWh
Sumargjald orku	1,869 kr/kWh
Um gjald fyrir orku sem afhent er á stýritíma vísast í framangreinda skilmála.	

3. Tímabil orkugjalda.

Vetrargjald gildir tímabilin:	1. janúar til 30. apríl
	1. október til 31. desember
Sumargjald gildir tímabilið:	1. maí til 30. september

III. TENGIGJÖLD.

1. Þéttbýli.

Tengigjöld Rafmagnsveitna ríkisins í kaupstöðum, kaптúnum og þorpum, tengdum veitusvæðum rafmagnsveitnanna og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, eru sem hér segir:

- 1.1. Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar. Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.
- 1.2. Aðalheimtaugar. Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:
- | Málstraumur/gerð | Án vsk |
|-----------------------|-----------------|
| 63 A einfasa: | 75.400,00 kr |
| 63 A þrífasa: | 82.900,00 kr |
| 100 A þrífasa: | 130.900,00 kr |
| 200 A þrífasa: | 262.000,00 kr |
| 315 A þrífasa: | 412.000,00 kr |
| 400 A þrífasa: | 524.000,00 kr |
| 630 A þrífasa: | 825.000,00 kr |
| 710 A þrífasa: | 930.000,00 kr |
| 1200 A þrífasa: | 1.571.000,00 kr |
- 1.3. Staðsetning. Leitað skal samþykkis rafmagnsveitnanna um staðsetningu inntaks heimtaugar. Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða þann áætlaða viðbótarkostnað sem af því hlýst, samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna.
- 1.4. Aukakostnaður. Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annara aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meiri en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann áætlaða kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna.
- 1.5. Spennistöð. Þurfi að setja spennistöð, að mestu eða öllu leyti fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnaði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni. Þegar lóð er lögð til, er það gert rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þeirra um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Húsnaðisaðstaðan skal fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnaði til þessara nota. Húsnaðið – uppsteypt – er lagt til rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu, en þær sjá um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnaðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.
- 1.6. Breyting á heimtaug. Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð eða færð, skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breyting fer fram. Heimilt er þó að lækka eða fella niður þetta gjald þegar sérstakar aðstæður mæla með því að mati rafmagnsveitnanna.
- 1.7. Bráðabirgðaheimtaugar. Grunn gjald er eftirfarandi:
- | Málstraumur/gerð | Án vsk |
|----------------------|--------------|
| 63 A einfasa: | 11.700,00 kr |
| 63 A þrífasa: | 16.500,00 kr |
| 100 A þrífasa: | 18.000,00 kr |

Auk grunnjalds skal greiða kostnað við framkvæmd verks og leigu efnis samkvæmt kostnaðaráætlun, sem miðast við aðstæður hverju sinni. Bráðabirgðaheimtaugar skulu aflagðar innan 12 mánaða frá tengingu. Fyrir orkunotkun skal greiða samkvæmt taxta A2 eða A4, eftir því hvort um rafhitun er að ræða eða ekki.

- 1.8. Frávik. Kafli þessi gildir um skipulögð hverfi í þéttbýli. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða heimtaugar stærri en 1200 A, skal greiða tengigjald samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af þessari gjaldskrá. Gjald fyrir aðrar heimtaugarbreytingar en um getur í þessari gjaldskrá er samkvæmt kostnaðaráætlun eða eftir nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna.

2. Dreifbýli.

- 2.1. Tengigjald fyrir íbúðarhús, kirkjur, skóla, atvinnuhúsnæði og þ.h., skal vera:
Fyrir hverja heimtaug: 140.000,00 kr/án vsk

Tengigjaldið er miðað við, að heildarkostnaður við heimtaugarlögnina fari ekki fram yfir áætlaðan kostnað við lagningu 80 m heimtaugar og uppsetningu 25 kVA spennistöðvar.

- 2.2. Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar eða spennistöðvar fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem heimtaugarlengd og stærð spennistöðvar fer fram úr því, sem tilgreint er í lið 2.1, skulu tengigjöld hækka samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af áætluðum umframkostnaði.

3. Sumarhúshverfi.

- 3.1. Tengigjald í skipulögðu sumarhúshverfi skal vera sem hér segir:
Fyrir hverja heimtaug: 170.000,00 kr/án vsk
Tengigjaldið miðast við u.þ.b. 7 kVA afl í spennistöð fyrir hvert hús. Sé um meira afl að ræða bætist við gjald samkvæmt áætluðum kostnaði. Þetta tengigjald gildir innan hverfisins, sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:
- 3.2. Um sé að ræða skipulögð hverfi. Með skipulögðu hverfi er átt við afmarkað svæði, þar sem fyrir liggur uppdráttur af staðsetningu húsa og lóða hverfisins í mælikvarða 1:2000, staðfestur af skipulagi ríkisins. Á staðfestum uppdrætti skulu koma fram akbrautir, stígar, stærð lóða og staðsetning húsa álóðum.
- 3.3. Eftirlit. Sveitarfélag, landeigandi eða félag sumarhúsaeygenda viðkomandi hverfis, eftir því sem við á, tryggi í samráði við Rafmagnsveitur ríkisins heimild til lagningar dreifikerfis, hvort heldur er háspennukerfis, uppsetningar nauðsynlegs búnaðar og allan eðlilegan umgengnisrétt til eftirlits, rekstrar og viðhalds kerfisins.
- 3.4. Fjöldi. Í upphafi þurfa a.m.k. 5 bústaðir að tengjast hverri spennistöð sem sett er upp. Meðallengd heimtauga frá stofndreifikerfi fari ekki yfir 120 m. Umframlengd greiðist samkvæmt kostnaðaráætlun.
- 3.5. Lega heimtaugar frá lágspennudreifikerfi að bústað skal ákveðin í samráði við Rafmagnsveitur ríkisins, en umsækjandi sér um gröft fyrir heimtaug innan sinna lóðamarka og annast frágang í samræmi við teikningu frá Rafmagnsveitum ríkisins nr. 4.3523.48. Rafmagnsveiturnar leggja til mælakassa til uppsetningar á útvegg húss, en viðkomandi rafverktaki annast uppsetningu og tengingu á kostnað húseiganda.
- 3.6. Lengd háspennulínu sem leggja þarf að sumarhúshverfi, má ekki fara yfir 100 metra á hverja lóð.
- 3.7. Uppbygging. Sé fyrirsjáanlegt, að mati Rafmagnsveitna ríkisins, að hverfi sem skipulagt hefur verið, komi til með að byggjast seint upp, geta rafmagnsveiturnar

krafið þess, að fyrir allt að 35% af lóðafjölda hverfisins verði greitt tengigjald, áður en ráðist er í framkvæmdir. Staðsetning húsa innan skipulags svæðis (þéttleiki byggðar) hefur ennfremur áhrif á ákvörðun um hvort rafvæðing verður heimiluð innan ramma gjaldskrár.

4. Hitaveitur.

Eftirfarandi gildir um R/O hitaveitur Rafmagnsveitna ríkisins og hitaveitu á Siglufirði:

- 4.1. Tengigjöld fyrir hverja heimæð skulu vera háð rúmmáli þess húsnæðis sem hita skal (utanmáli) og eru sem hér segir:
Fyrir hús allt að 600 rúmmetrum/20 mm pípa; lágmarksgjald: 75.400,00 kr/án vsk
Hver mælagrind umfram eina:..... 16.400,00 kr/án vsk
- 4.2. Rúmmál. Við ákvörðun á rúmmálsstærð skal miða við fasteignaskrá. Fyrir hús sem ekki eru skráð í fasteignamati skal miðað við byggingarteikningar húsa. Lágmarksgjald miðast við 20 mm heimæð. Ef um stærra heimæð er að ræða, reiknast viðbótarkostnaður samkvæmt nánari ákvörðun hverju sinni.
- 4.3. Takmörkun. Rafmagnsveitunum er heimilt að takmarka aðgang að heitavatnskerfi ef orkuöflun gefur tilefni til. Tengigjöld hitaveitu miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar ár hvert.
- 4.4. Mælagrind. Hverri heimtaug fylgir ein mælagrind. Greiða skal aukagjald fyrir hverja mælagrind umfram þá fyrstu.
- 4.5. Ef sérstakar aðstæður mæla með því, er heimilt að lækka eða fella niður heimæðargjald að fengnu samþykki rafmagnsveitustjóra. Að öðru leyti en að ofan er greint, gilda sömu skilmálar um orkuviðskipti og í gildi eru fyrir raforkumásölu Rafmagnsveitna ríkisins.

5. Annað.

- 5.1. Tengigjöld fyrir annað, en að framan greinir, svo sem fyrir heimtaugar í einstök sumarhús, veiðihús, ofl., eru ávallt samkvæmt kostnaði, þó að lágmarki kr 170.000,00 (án vsk). Um bráðabirgðaheimtaugar í strjálbýli gilda sömu reglur og í þéttbýli (kafla 1.7).
- 5.2. Endurtenging. Sé veitu lokað um lengri tíma en 6 mánuði, má búast við aftengingu heimtaugar. Falli notkun um heimtaug niður í a.m.k. 5 ár, telst heimtaug aflögð og þarf að greiða fullt tengigjald, hefjist notkun að nýju. Fyrir skemmri tíma greiðist fastagjald F.1, auk kostnaðar við endurtengingu.
- 5.3. Aukaheimtaug. Að jafnaði er aðeins gert ráð fyrir einni heimtaug fyrir hvern notanda. Sé hinsvegar þörf á aukaheimtaug, skal greiða fyrir hana samkvæmt kostnaðaráætlun hverju sinni, eftir nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna.
- 5.4. Aðrar breytingar á heimtaugum en þær sem tilgreindar eru í kafla um tengigjöld skulu vera samkvæmt kostnaðaráætlun hverju sinni.

Öll gjöld sem tilgreind eru í kafla III miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar 1995, sem er 199,1 stig og breytast í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar gjöldum almanaksársins.

Öll gjöld er gefin upp án virðisaukaskatts nema annars sé getið. Virðisaukaskattur leggst á gjöldin samkvæmt gildandi lögum hverju sinni.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. apríl 1995 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins sama efnis nr. 528, 21. desember 1993.

Iðnaðarráðuneytið, 30. mars 1995.

F. h. r.
Árni Þ. Árnason.

Steinunn Bjarman.

Nr. 197

29. mars 1995

REGLUGERÐ

um útgáfu Stofnlánadeildar landbúnaðarins á innlausnarbréfum, 1. flokki 1995.

1. gr.

Stofnlánadeild landbúnaðarins er heimilt, á grundvelli laga nr. 45/1971 og lánsfjárlaga fyrir árið 1995 nr. 149/1994, að gefa út verðtryggð skuldabréf, innlausnarbréf 1. flokk 1995, að heildarfjárhæð samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar Stofnlánadeildarinnar. Fjárhæðir innlausnarbréfanna skulu vera 1.000.000, 500.000, 100.000 og 50.000 krónur. Bréfin verða samkvæmt því merkt A, B, C eða D, eftir verðgildi og tölusett í númeraröð. Lánstími innlausnarbréfanna er 15 ár. Vextir þeirra skulu vera 5% fastir ársvextir.

2. gr.

Innlausnarbréfin skal Stofnlánadeildin nota til þess að breyta lausaskuldum bænda í föst lán vegna fjárfestinga á jörðum þeirra vegna framkvæmda þar eða jarðakaupa, véla-, bústofns- eða fódurkaupa, allt á árunum 1984-1994, að báðum árum meðtöldum. Stofnlánadeildin afhendir innlausnarbréfin gegn veðskuldabréfum þeirra bænda sem eru lánshæfir samkvæmt nánari reglum hennar um þau lausaskuldalán, m.a. varðandi rekstrarlegar forsendur lántaka, veðmat og veðhæfi veðtrygginga og önnur skilyrði fyrir lánshæfi. Stofnlánadeildin ákveður lánstíma, vaxtakjör og aðra skilmála þessara lausaskuldalána í samræmi við kjör og skilmála innlausnarbréfanna og samkvæmt ákvæðum laga nr. 45/1971.

3. gr.

Innlausnarbréfin skulu ætíð vera skráð á nafn. Framsal til nýs eiganda skal skráð með nafni hans, kennitölu, heimilisfangi og framsalsdegi, ásamt undirritun framseljanda. Bréf verður ekki innlest nema af réttum eiganda þess.

4. gr.

Fjárhæð innlausnarbréfanna er verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs, auglýsta af Seðlabanka Íslands skv. lögum nr. 25/1987, 21. gr., með síðari breytingum. Grunnvísitala þessa flokks bréfa er neysluverðsvísitala maímánaðar 1995. Greiða skal verðbætur á vexti og höfuðstól bréfanna samkvæmt breytingum á vísitölnni frá útgáfudegi þeirra til gjaldsþaga.

5. gr.

Lánstími innlausnarbréfanna er 15 ár hið lengsta, en ræðst að öðru leyti af útdrætti. Vextir eru óbreytanlegir allan tímann og reiknast frá útgáfudegi til gjaldþaga. Höfuðstóll, vextir og verðbætur greiðast eftirá í einu lagi.